



Reykjavík, 17. maí 2022
MOF22050010

Menningar-, íþróttar- og tómstundaráð Reykjavíkurborgar

Bréf frá Bókmenntahátíð í Reykjavík. Beiðni um 10 ára samstarfssamning 2024 til 2034.

Eftirfarandi beiðni barst í tölvupósti til starfandi sviðsstjóra menningar- og ferðamálasviðs og formanns menningar-, íþróttar og tómstundaráðs frá Bókmenntahátíðinni í Reykjavík 17. maí 2022.

Í framhaldi af viðræðu við Hjálmar Sveinsson óskar Bókmenntahátíð í Reykjavík eftir samstarfssamningi við Reykjavíkurborg til tíu ára sem tæki við begar núverandi samningi lýkur í lok árs 2023. Óskað er eftir styrk sem nemur 4 milljónum á ári með gildistíma frá 1. janúar 2024 til 31.12.2034 og er óskað eftir því að samningurinn verði bundinn grunnvísitölu neysluverðs eins og hún verður 1. janúar 2024. Samningurinn breytist síðan með vísitölu til hækkanar eða lækkunar einu sinni á ári 1. janúar ár hvert.

Auk stuðnings frá Reykjavíkurborg nýtur hátíðin fastra styrkja frá menningar- og viðskiptaráðuneytinu og Norræna húsinu, en aflar að auki styrkja frá ýmsum sjóðum, félagasamtökum og fyrirtækjum.

Bókmenntahátíð í Reykjavík er haldin annað hvort ár og er helsti bókmenntaviðburðurinn sem fram fer í Reykjavíkurborg. Hátíðin heldur á lofti nafni Reykjavíkurborgar sem bókmenntaborgar UNESCO og var á sínum tíma ein af forsendum þess að borgin gat hlotið þá nafnbót. Hátíðin hefur verið haldin síðan árið 1985 og á vegum hennar hafa hundruð erlendra rithöfunda, bókaútgefenda, umboðsmanna höfunda og blaðamanna sótt borgina heim. Á hátíðinni eru skipulagðir fjölbreyttir viðburðir fyrir lesendur og höfunda; upplestrar, samtöl, fyrilestrar, barnadagskrá, kvíkmyndasýningar, umræður, ljóðalestur, ritsmiðjur og fleira.

Allir viðburðir hátíðarinnar eru ókeypis og öllum opnir og hátíðin er afar vel sótt af áhugasönum lesendum. Mikið er lagt upp úr aðgengismálum og hafa viðburðir einnig verið aðgengilegir í streymi. Viðburðir fara fram á ensku en allir höfundar lesa á sínu móðurmáli og er þýðingum varpað upp á tjald jafnóðum eða dreift til áhorfenda. Hátíðin leggur áherslu á tjáningarfrelsi og mannréttindi og á hátíðinni fara fram viðburður sem eru sérstaklega helgaðir þeim málefnum.

Bókmenntahátíðin hefur undanfarin 37 ár átt farsælt samstarf við fjölmargar stofnanir og samtök sem sinna bókmenntum, til dæmis bókasöfnin í borginni, Gerðuberg, Bókmenntaborgina, PEN International, ICORN, Miðstöð íslenskra bókmennta, Fíbút (Félag íslenskra bókaútgefenda), Rithöfundasamband Íslands, Háskóla Íslands, Vigdísarstofnun, framhaldsskóla í Reykjavík, Norræna húsið og Gljúfrastein. Þá á hátíðin í samstarfi við fjölmargar hátíðir úti í heimi, til dæmis hvað varðar ýmsar dagskrár og höfunda. Þá skipuleggur hátíðin viðamikla og eftirsóttá dagskrá fyrir erlenda bókaútgefendur sem hingað koma til þess að kynna sér íslenskar bókmenntir og höfunda.

Hátíðin á aðild að tvennum verðlaunum. Önnur kallast Orðstír og eru heiðursverðlaun sem veitt eru þýðendum af íslensku á önnur mál. Að baki þeim verðlaunum standa, auk hátíðarinnar, Íslandsstofa, Miðstöð íslenskra bókmennta, Bandalag þýðenda og túlka og embætti forseta Íslands. Hin verðlaunin eru Alþjóðleg bókmenntaverðlaun Halldórs Laxness og eru veitt annað



Reykjavíkurborg

hvort ár alþjóðlega þekktum rithöfundi fyrir að stuðla að endurnýjun sagnalistar með verkum sínum, en fyrir það hlaut Halldór sjálfur Nóbelsverðlaunin á sínum tíma. Verðlaununum er ætlað að halda á lofti nafni Nóbelsskáldsins og voru þau fyrst veitt árið 2019. Að verðlaununum standa, auk hátíðarinnar, forsætisráðuneytið, menningar- og viðskiptaráðuneytið, Forlagið og Gljúfrasteinn. Ian McEwan og Elif Shafak hafa hlotið verðlaunin fram að þessu og komu þau bæði til Reykjavíkur og veittu þeim viðtöku, McEwan 2019 og Shafak árið 2021. Næst verða verðlaunin veitt haustið 2022 en næsta Bókmenntahátíð verður vorið 2023. Segja má því að hátíðin skipuleggi árlega viðburði í Reykjavík.

Bókmenntahátíðin í Reykjavík er sjálfseignarstofnun. Formaður stjórnar er Örnólfur Thorsson en framkvæmdastjóri hátíðarinnar er Stella Soffía Jóhannesdóttir. Vefsíða hátíðarinnar er www.bokmenntahatid.is og hún er auk þess sýnileg á samfélagsmiðlum. Nánari upplýsingar veitir Stella Soffía Jóhannesdóttir (stella@bokmenntahatid.is).

*Virðingarfyllst fyrir hönd Bókmenntahátíðar í Reykjavík,
Stella*

--
Stella Soffía Jóhannesdóttir
Framkvæmdastjóri / Festival Director
Reykjavík International Literary Festival

www.bokmenntahatid.is/

www.facebook.com/ReykjavikLiteraryFestival


Virðingarfyllst,
Huld Ingimarsdóttir
starfandi sviðsstjóri
Menningar- og ferðamálasvið

Samrit:

Hjálagt: